

Námsvísar

Fag: Textílmennt 3. - 4. bekkur

Kennari: Hafrún Ýr Halldórsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku

Kennsluaðferðir og skipulag:

Samkenndsla er í 3. - 4. bekk í vetur. Hópnum er skipt í þrennt og fær hver hópur tvær kennslustundir á viku í textílmennt allt skólaárið. Innlögn, sýnikennsla, umræður, einstaklingskennsla og leiðsagnarmat eru þær kennsluaðferðir sem nýttar verða í kennslustundum í vetur. Reikna má með að verkefni taki mislangan tíma þar sem umfang þeirra er misjafnt.

Einstaklingsnámskrár og/eða aðlagð námsefni/námsmat:

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Heilbrigði og velferð	Nemendum er kennt að umgangast verkfæri af virðingu.
Jafnrétti	Reynt er að nálgast viðfangsefni þannig að sem flestir geti unnið á eigin forsendum. Fjölbreytt verkefni svo allir finni eitthvað við sitt hæfi.
Lýðræði og mannréttindi	Viðfangsefnin eru sniðin að þörfum flestra nemenda og reynt að gefa val um úrvinnslu eftir því sem við verður komið og kostur er.
Læsi	Reynt er að láta nemendur prófa sem allra flestar aðferðir og leiðir til úrlausna á viðfangsefnum, þannig að þeir geti skilið lykilhugtök greinarinnar. Nemendur læri að fara eftir verkefnalýsingum, bæði skriflegum og myndrænum.
Sjálfbærni	Hugtakið sjálfbærni er samtvinnað allri mannlegri tilveru og reynt verður að fletta því inn í viðfangsefni hvenær sem því verður viðkomið. Mikið er unnið með efnivið sem verið er að

	endurvinna og alltaf reynt að leita leiða til að minnka sóun eins og kostur er.
Sköpun	Nemendur þurfa alltaf að útfæra viðfangsefni sín sjálfir og fara eigin leiðir í að búa til þær afurðir sem til verða. Unnið er út frá teikningum nemendanna sjálfra sem síðan enda sem fullbúið verk.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
Menningarlæsi	Myndir og sýnishorn frá kennara.	<p>Að nemandi geti:</p> <p>Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.</p> <p>Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.</p> <p>Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.</p> <p>Gengið frá eftir vinnu sína.</p>	<p>Nemendur fá hugmyndir frá kennara sem er með tilbúið sýniseintak af hverju verkefni en einnig er netið nýtt til að fá hugmyndir.</p> <p>Ætlast er til að nemendur teikni upp hugmyndir sínar að verkefnum.</p> <p>Nemendur bera sameiginlega ábyrgð á kennslustofunni og gengur hver og einn frá eftir sig og síðan</p>	Kennari leggur mat á afurðir nemandans í samræmi við hæfniviðmið.

			stofunni svo hún sé tilbúin fyrir næsta hóp.	
Handverk, aðferðir og tækni		<p>Að nemandi geti:</p> <p>Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.</p> <p>Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.</p> <p>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.</p>		
Sköpun, hönnun og útfærsla		<p>Að nemandi geti:</p> <p>Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.</p> <p>Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.</p> <p>Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.</p>		
Menning og umhverfi		<p>Að nemandi geti:</p> <p>Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.</p>		

		Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.		
--	--	--	--	--